



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Blásalir

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Enisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat xxx deildar	Error! Bookmark not defined.
3 Ytra mat	23
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	25
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
6 Foreldrasamvinna.....	26
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28
8 Fylgigögn.....	28
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	28
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	28
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	28



Leiðarljós leikskólans: Heilbrigð sál í hraustum líkama!

1 Greinargerð leikskólastjóra

Eins og undanfarin ár lögðum við áherslu á græn gildi í starfinu á leikskólanum. Við unnum að verkefnum tengdum Grænfánanum, nýttum grenndarsvæði leikskólans sem heitir Gullkistan þar borðuðu börnin hádegismat og síðdegiskaffi allnokkrum sinnum yfir skólaárið bæði í leikskólagarðinum og Gullkistunni. Útskrift elstu barna í maí fór einnig fram í Gullkistunni og var foreldrum boðið þangað í sól og blíðu og voru allir mjög ánægðir með þessa stund. Haustið 2018 byrjaði með aðlögun nýrra barna og starfsfólks eins og venjulega. Um miðjan september tókum við upp grænmeti úr garðinum okkar. Matráðurinn okkar sá um að útbúa dýrindis grænmetissúpu úr uppskerunni sem við buðum foreldrum upp á í lok dags. Ungbarnadeildirnar okkar voru að fara á sitt annað skólaár og við ákváðum að sækja um í sprotasjóð til að vinna með sænskt verkefni sem heitir Bablarna og er málörvunarverkefni fyrir yngstu börn leikskólans. Því miður fengum við ekki styrkinn en munum nýta þá undirbúningsvinnu í læsisverkefni leikskólans á komandi skólaári.

Frjálsi leikurinn hefur fengið aukið vægi og flæði og verkefnavinna milli deilda hafa haldið áfram í kringum jól, öskudag og Grænan apríl. Grænfáninn og verkefni honum tengd hafa alltaf fengið rými í leikskólastarfinu og tengjum við verkefnið í Grænan apríl þeirri vinnu. Í vetur hafa áherslurnar verið á veður, fugla, grenndarsvæði, landslag, gróðursetningu, blóm og jurtir. Blóm og jurtir voru í aðalhlutverki í Grænum apríl og voru teiknuð, máluð blóm út um allan skóla auk þess sem við unnum með gróðursetningu og ræktun af fræjum. Á opna húsinu í maí fengum við foreldra til þess að vinna í smíðjum með okkur í að gera fugla og fundum til allskyns umbúðir og verðlaust efni til að föndra úr. Tókst þetta með eindæmum vel og var mikil og góð þátttaka og vinna í opna húsinu. Fyrir öskudaginn er eitt af þessum skapandi verkefnum sem við leggjum áherslu á í skólanum og hefur gert um nokkurra ára skeið. Undirbúningur fyrir öskudaginn hefst strax að loknu þorrablóti í janúar og tekur um það bil mánuð að ákveða, þróa og hanna búninga með börnunum. Foreldrar taka þátt með því að útvega efni, fatnað og fylgihluti sem við auglýsum eftir. Fjölbreyttar vinnuaðferðir og ólík nálgun



barna og fullorðinna gerðu þetta verkefni sérstakt og eftirsóknarvert fyrir allt skólasamfélagið.

Leikskólinn var tengdur ljósleiðara á árinu og allar tölvur voru uppfærðar og ný forrit og leiðir í varðveislu skjala voru fyrirferðamikil á skólaárinu. Persónuverndarlögin fengu sína umræðu og athygli og erum við en að skipuleggja og ræða þau mál svo allt verði eins og best verður á kosið.

Leikskólinn tók þátt í barnamenningarhátíð í samvinnu við tónskóla Sigursveins og allri þeirri undirbúningsvinnu sem fylgir slíku verkefni. Menningunni var einnig gerð skil með að fá í leikskólann leikrit fyrir og eftir áramót sem foreldrafélagið sá um að greiða fyrir. Einnig fengum við Sirkus Íslands til að koma til okkar á sumarhátíð og fyrirtækið Krakkahestar kom einnig til okkar í júní allt í boði foreldrafélagsins.

Á skólaárinu komu til okkar þrír nemar frá Háskóla Íslands og voru í vettvangsnámi. Þeim fylgdi ferskar faglegar umræður og vorum við sammála um að við hefðum verið ótrúlega heppin með nema.

Á komandi skólaári munum við leggja áherslu á læsi í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar og í sambandi við þá vinnu munum við fá námskeiðið Lubbi finnur málbeinið og einnig munum við vinna með MML og Þóru Másdóttur kennara í HÍ að því að staðfæra Bablarna fyrir yngstu börnin. Einnig höfum við hug á að fá námskeið fyrir foreldra frá MML um málþroska og hvað foreldrar geti gert til að auka orðaforða barnanna. Áhersla á lestur verður á öllum deildum og börnin koma með bók að heiman sem verður lesin og búin til bókaormur með mynd af barninu með bókina sína. Kláruð verður vinna að mótökuáætlun um börn af erlendum uppruna og farið í gegnum aðlögun og móttöku á öllum börnum. Áherslur sem varða útikennslu og græn gildi verða áfram í hávegum höfð og höldum áfram að þróa leiðir til að gera það starf fjölbreytt. Samvinna með leikskólum í Selásnum og fyrsta bekk Selásskóla með útikennslu verkefnið Heimahagarnir verður áfram næsta vetur og eru uppi hugmyndir um að fá hestamanna félagið Fák í lið með okkur í því verkefni. Skólanámskrá leikskólans verður yfirfarin á næstu árum og munum við setja inn og taka út eftir því sem áherslur breytast. Skólanámskráin er lifandi plagg sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og mun stjórnendateymi vinna að uppfærslu hennar.



Ytra mat, umbótaáætlun 2018 – 2019

Hér er umbótaáætlun sem er unnin út frá ytra mati sem Reykjavíkurborg gerði í mars 2018.

1. Einn af þeim umbóta þáttum sem við unnum að á síðasta skólaári var að börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi og er það komið til framkvæmda og kemur það fram í endurmati og starfi deilda.
2. Unnið var með heimamenningu allra barna sem allar deildir tóku þátt í gera ferilmöppur fyrir öll börnin. Nefnd innan leikskólans vann að því að undirbúa innleiðinguna og gekk það mjög vel.
3. Annar þáttur sem snýr að heimamenningu er bangsabók og bangsi/mús sem börnin fóru heim með um helgar og börn og foreldrar hjálpuðust að við að skrá viðburði helgarinnar í máli og myndum. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og börnin eru stolt af að sýna bókina og fá upplestur á ævintýrum helgarinnar.
4. Áætlun um mat á námi og velferð barna var gerð og skipuðum við nefnd í að vinna að listum um félagsþroska, hreyfiþroska, málþroska sem notaðir eru í foreldraviðtölum. Listarnir voru samræmdir og eru skráningar gerðar reglulega yfir skólaárið.
5. Mat á námi og stöðu barna byggir á samvinnu við foreldra byggist á því að foreldrar fá senda heim einstaklingsnámskrá sem þeir mæta með í foreldraviðtal. Þessi umbótaþáttur er alveg komin inn í okkar verklag.
6. Umbótaþáttur sem snýr að aukinni þátttöku barna í að meta nám sitt var sett upp í formi broskallamats og var það gert 2. sinnum yfir árið eins og við vorum búnar að ákveða og gekk það mjög vel og kemur fram í endurmati deilda.
7. Umbótaþáttur sem snýr að því að börnin fái tækifæri til þess að setja sér markmið var unnið á síðasta skólaári. Tveir elstu árgangarnir fóru í að setja sér markmið og tók deildarstjóri hvert barn í samtal og ígrundun á hvaða markmið barnið vildi setja sér. Síðan var allt skráð niður og sett inn í ferilmöppuna sem er tekin reglulega fram og skoðuð og lesin.
8. Umbótaþáttur sem unnið var með á síðasta skólaári var um að börnin fái aukin tækifæri á að koma með tillögur að eigin námi. Mikilvægt er að hlustað sé á raddir barnanna og þau hafi val um leikefni í frjálsum leik. Allt starfsfólk tók þátt í umræðum á starfsdegi um þessa áherslu og gekk þetta vel.



9. Nefnd var skipuð til að samræma lista sem notaðir til að skrá framfarir barnanna í félagsþroska, hreyfiþroska og málþroska. Foreldrar fá sent í pósti eyðublað sem þeir mæta síðan með í foreldraviðtal og vinna með deildarstjóra að því að gera einstaklingsnámskrá fyrir barnið. Þessar umbætur gengu vel.
10. Sá þáttur í umbótaáætlun leikskólans sem snéri að mati barnanna á námi sínu og ákveðnum þáttum í starfinu var framkvæmdur með broskallamati og voru börnin áhugasöm og þessi þáttur gekk mjög vel.
11. Umbótaþáttur sem snýr að leikskólabrag var að börnin taki þátt í að gera reglur leikskólans að sínum reglum.
12. Annar þáttur í leikskólabrag var að setja upplýsingar til foreldra á erlendum tungumálum á heimasíðu skólans. Verið er að vinna í þessum þætti og verða upplýsingar á ensku komnar inn von bráðar varðandi aðlögun, hagnýtar upplýsingar og dagskipulag.
13. Umbótaþáttur sem snýr að innra mati leikskólans er að gætt sé að því að mat leikskólans byggist á margvíslegum gögnum. Að endurmatið og viðhorf speglit frá sem flestum hliðum s.s. endurmati starfsfólks, broskallamati barna og viðhorfskannanir foreldra. Þessi þáttur er í endurmati og umbótum til ársins 2021 en gengur vel það sem komið er.

14. Umbótaþáttur sem snýr að stjórnun var að við ráðningu nýrra starfsmanna skyldi leita upplýsinga frá sakaskrá þessi þáttur hefur verið lagfærður og er undantekningarlaust leitað upplýsinga.

15. Annar umbótaþáttur sem snýr að stjórnun er að unnið sé eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna. Allt stjórnendateymið fór í gegnum þennan þátt og farið yfir hlutverk allra. Útbúin var mappa með öllum upplýsingum.

16. Umbótaþáttur sem snýr að samningsbundnum undirbúningstíma. Allir þeir sem eiga samningsbundin undirbúningstíma eru komnir með fastan tíma í hverri viku auk þess sem komin er afleysing fyrir eflingafólk sem er skipulögð af deildarstjóra hverrar deildar.



Stutt greinagerð deildarstjóra Rauðudeildar 2018-2019

Vínátta og jákvæð samskipti hafa verið einkennandi meðal starfsfólks og barna Rauðu deildar í vetur. Blíð ofurvinur (bangsi) hefur innleitt vinagildi og farið í helgarheimsóknir með börnunum sem er einnig liður í að efla heimamenningu. Börnin hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og foreldrar tekið virkan þátt. Blíð hundur hefur einnig nýst sem námstæki við innleiðingu á reglum deildarinnar sem allir komu sér saman um í haust og verið ötull talsmaður kosta þess að fara eftir reglunum. Börnin hafa verið meðvituð um að reglurnar séu okkar og að þær hjálpi til við að láta okkur líða vel. Samstarfólk hefur einnig verið mjög samtaka í eftirfylgni.

Breyttum dagskipulagi deildarinnar síðastliðið haust í ljósi þess að við vildum gefa börnunum fleiri tækifæri til að koma með tillögur að eigin námi og að gefa þeim kost á að útfæra og framkvæma hugmyndir sínar í auknara mæli. Lögðum því hópastarf af og færðum samverustund fram að útiveru og gáfum þannig mun meiri samfelldan tíma fyrir sjálfsprottinn leik. Þessar breytingar verið til góðs, börnin hafa mun meiri áhrif hvað er gert og með hverjum. Sjáum mikla þróun í frjálsa leiknum. Sem dæmi sjáum við oft sömu börnin dvelja við það sama dag eftir dag og þróa þannig færni sína á sínum forsendum. Starfsfólk hefur staðið sig vel í að elta áhugasvið barnanna, hlusta á óskir þeirra og er meðvitað um að nýta frjálsa leikinn sem námsleið. Sjálfstæði, áhugi og virkni starfsmanna hefur verið stór þáttur í að nýir starfshættir hafa gengið vel. Deildarfundir og kjarnafundir nýttir til ígrundunar, samtals, og stuðnings. Helstu áskoranir falist í að styðja við þau börn sem ráða verr við að einbeita sér og finna sig í leik. Hefur reynst erfiðast með yngri hópinn eftir hádegi sem er inni á deild á kaffitíma starfsmanna. (Þarfnast umbóta) Aftur á móti gengið mjög vel hjá eldri hópnum sem er inni í sal á sama tíma. Breytt dagskipulag hefur einnig haft áhrif á lengd útiveru fyrir hádegi, erum að fara seinna út, börnin ekki tilbúin að hætta í leik. Höfum leyst það með að fara fyrir í útiveru í síðdeginu.





Fléttan hennar Garðabréðu

Annar liður í að gefa börnunum tækifæri til að vera virkir þátttakendur í ákvörðunartöku í vetur var aukið samstarf elstu barna við matráð leikskólans. Börnin komu með óskir um hádegisverð og nónhressingu og tóku þátt í undirbúning í mun meira mæli, sbr. að skera niður grænmeti og baka snúða. Börnin höfðu sterkar skoðanir og voru stolt af sínu vali og getu. Val barnanna var merkt á matseðilinn.



Snúðagerð



Nýr liður í starfi deildarinnar var að innleiða ferilmöppur. Ferilmöppurnar nýtum við til að auka við heimamenningu og hafa foreldrar verið hvattir til að koma með myndir og skráningar af viðburðum í lífi barnsins utan leikskóla. Eins geyma ferilmöppurnar ákveðnar skráningar frá hverju barni sem sína styrkleika og áhugasvið þeirra sbr. markmið sem þau hafa sett sér, ferla af öskudagsbúningagerð, sjálfsmyndir og margt fleira. Ferilmöppurnar voru kynntar sérstaklega fyrir foreldrum í foreldraviðtölum í mars og stuðst við skráningarnar til að meta nám og líðan barnanna. Börnin hafa mörg hver sýnt möppunum mikinn áhuga, þarf samt að kynna þær markvissara fyrir börnunum og passa upp á að þær nýtist öllum börnunum. (Þarfnast umbóta) Deildarstjóri að mestu séð um skráningar í vetur en stefnum á að virkja alla starfsmenn deildarinnar næsta vetur. (Þarfnast umbóta)

Elstu börn leikskólans komu að mati á námi sínu tvisvar á þessu skólaári. 6 spurningar voru lagðar fyrir og broskallar nýttir til að meta. Matið kom vel út, börnin ánægð með nám sitt og líðan.

Umbætur síðasta skólaárs:

1. **Gera ritmál sýnilegra í samverustund:** Ekki verið gert nægilega markvisst í samverustund. Höfum verið með reglurnar myndrænar og með ritmáli og vikudagana í ritmáli. Eins verið að innleiða tákn með tali.

Styrkleikar: Stuðlað að forvitni og áhuga á ritmáli og ýtt undir trú á eigin getu. Tákn með tali ýtt undir leik með látbragð og svipbrigði og glætt tungumálið meira lífi.

Tækifæri til úrbóta: Útbúa töflu þar sem veðurfræðingar hvers dags hengja upp vikudag, mánuð, - verður lýsingar og útifatnað á hverjum degi. Eins að nota meira nöfn barnanna á ritmáli í samverustund. Setja í umbótaáætlun næsta árs.

2. **Að börnin gangi betur frá eftir matmálstíma:** Frágangur hjá yngri hópum gekk vel í vetur, þau meðvitað um að ganga frá og hvernig. Aðgengi eldri barnanna erfiðara, hafa ekki alltaf aðgang að vagni, fötu og íláti undir hnífapör. Skapast ókyrrð meðan verið er að bíða eftir vagni.

Styrkleikar: Börnin nú meðvitaðri um matarsóun þegar þau eru hvött til að skafa vel af diskunum sínum. Hefur eflt sjálfshjálp og aukið sjálfstraust að geta gert sjálfur.



Tækifæri til umbóta: Fá matráð á fund með elstu börnunum og finna sameiginlega leið til umbóta. Setja í umbótaráætlun næsta árs.

3. **Nýta myndmál í fataklefa:** Búið að setja upp spjald og útbúa myndir sem eru settar upp fyrir hverja útiveru.

Styrkleikar: Hefur skapað öryggi fyrir börnin og stuðla að frekari sjálfshjálpi. Minnkað álag í fataklefa.

Tækifæri til umbóta: Allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um að nota myndmálið daglega. Minna hvern annan á.

4. **Skráningar á námi barna:** Búin var til ferilmöppunefnd sem bjó til viðmiðunarlista um hvernig skráningum skildi háttað. Öll börn deildarinnar nú komin með ferilmöppu.

Styrkleikar: Ferilmappan verið frábært tæki til að halda utan um allar skráningar. Gengið vel og flest öll börn og foreldrar sýnt áhuga. Nýst til að auka við heimamenningu, til að meta nám og líðan barnanna, sem umræðugrundvöllur fyrir foreldra og börn um leikskólastarfið og til að gera starfið sýnilegra.

Tækifæri til umbóta: Ræða skráningar meira í starfsmannahópnum, tilgang þeirra og gagn. Endurmeta viðmiðunarlista. Hvetja alla starfsmenn til að gera skráningar. Setja í umbótaráætlun næsta árs.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? 1.Kynningu á ferilmöppu	Að hverju er stefnt? Auka notkun á ferilmöppu	Hvernig framkvæmu m við það? Kynnum feril-	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst



		möppurnar fyrir börnunum reglulega í samverustund. Hvetjum foreldra til að skoða möppurnar með börnunum. Starfsmenn meðvitaðir um að skoða möppurnar markvisst með börnunum.	Júní 2019- júní2020	Allir starfsmenn deildarinnar	hópur, safna gögnum) Endurmetið á hverjum deildarfundi	er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Að ferilmappan nýtist jafnt börnunum, kennurum og foreldrum til ræða og meta og nám barnanna.
2.Sýnileika ritmáls í samverustund	Gera ritmál sýnilegra í samverustund	Útbúum töflu þar sem veðurfræðingar dagsins nýta rit og myndmál til að segja til um vikudag, mánuð og veður og útifatnað fyrir hvern dag. Að öll börn eigi sitt nafnspjald í samveru.	Júní 2019 - júní	Deildarstjóri	Endurmetið á deildarfundi í lok okt.2010 og í feb. og maí 2020	Að öll börn þekki nafnið sitt á ritmáli. Að öll börn fái að vera veðurfræðingar og fái þannig tækifæri til að spreyta sig á notkun rit og myndmáls.
3. Aðgengi elstu barna til að ganga frá eftir hádegismat	Að stuðla að sjálfshjálpi við frágang elstu barna	Fundur með matráði og börnum	Ágúst 2019	Deildarstjóri	Endurmetið með matráði í lok hvers mánaðar	Að börnin geti gengið beint til verks eftir lok hvers máltíðar – að biðtími verði enginn og að börnin hafi



						viðeigandi hluti til að geta gengið frá.
4. Órói í leik barna á deild í kaffitíma starfsmanna	Að gæði sjálfsprottins leiks hjá yngri börnum deildarinnar verði söm eftir hádegi og þau eru á morgnana	Hafa fleiri svæði í boði, fyrir alla sbr. sal, listaskála og einingakubb a. Aldursblanda				Að yngri börn deildarinnar uni sér betur í
5. Gefa fjöltyngdum börnum 10	Að efla málörvun hjá fjöltyngdum börnum	Allir starfsmenn deildarinnar gefa 10 mín á dag – notum teyjur	Júní 2019- júní 2020	Deildarstjóri	Metið á hverjum deildarfundi	Að allir starfsmenn deildarinnar vinni markvisst að málörvun tvítyngdra barna
6. Elta áhugasvið barnanna	Að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt	Leita eftir hugmyndum barnanna og styðja þau í að útfæra og framkvæma þær	Ágúst 2019	Allir starfsmenn deildarinnar	Endurmetið á hverjum deildarfundi	Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um að hlusta á raddir barnanna og styðja þau í að útfæra og framkvæma sínar hugmyndir.
7. Skráningar	Að allir starfsmenn taki þátt í skráningum	Að allir starfsmenn æfi sig í að gera skráningar	Ágúst 2019 – ágúst 2020	Deildarstjóri	Endurmetið á deildarfundum	Að allir starfsmenn treysti sér í að gera skráningar og geti nýtt þær til að meta starfið
8. Markviss lestur	Vinna markvisst með læsi	Öll börn deildarinnar skiptast á að	Ágúst 2019 - ágúst 2020	Deildarstjóri	Endurmetið á	Að öll börnin hafi komið með bók í



9. Lesstundir		koma með bók að heiman sem er lesin í leikskólanum			deildarfundum	leikskólann. Mynd tekin af barninu með bókina og hún sett í bókaorm.
	Vinna markvisst með læsi	Boðið upp á lesstundir á hverjum morgni.	Sep. 2019-júní 2020	Deildarstjóri	Endurmetið á deildarfundum	Að lesstundir séu á hverjum degi – auka áhuga barnanna á lestri
Umbótaþættir Xxx deild Hvað þarf að bæta?	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Stutt greinagerð deildarstjóra Grænu deildar um skólastarfið 2018-2019

Haustið 2018 endurnýjaðist deildin alveg fyrir utan eitt barn sem var á deildinni til 2. janúar 2019. Börnin á deildinni voru 12 í byrjun skólaárs en fjölgaði í 16 börn á tímabilinu nóv. 2018 -apríl 2019. Á deildinni eru 12 börn fædd 2016 og 4 börn fædd 2017. Af þessum 16 börnum eru 10 drengir og 6 stúlkur. Tvö tvítyngd börn eru á deildinni. Þetta er annar skólaárið sem Græna deildin er ekki með 3- 6 ára börn og voru nokkuð yngri börn á deildinni þetta skólaárið heldur en skólaárið á undan.

Starfsfólk deildarinnar endurnýjaðist að stórum hluta haustið 2018. Nokkrar breytingar hafa orðið yfir skólaárið á starfsmannahaldi deildarinnar sem olli nokkru álagi á deildarstarfið. Styrkleikar í starfsmannahaldi deildarinnar á þessu skólaári voru helst þær að veikindi hafa verið í lágmarki sem var afar jákvætt fyrir bæði börn og starfsfólk.

Aðlögun barnanna á deildina gekk mjög vel enda komu flest börnin af yngri deildum leikskólans. Þrír drengir og ein stúlka komu frá öðrum leikskólum og gekk aðlögun þeirra mjög vel.

Samstarf á milli deilda í tengslum við skiptingu leiksvæða hefur gengið vel. Eldri deildir skipta með sér á morgnana sal/listakrök eða kjarna/deild. Græna deildin hefur verið dugleg að nota sullu kerfið í Kjarna og börnin hafa notið þess að vera þar í vatnsleikjum. Deildin var með tvo útnámsdaga í viku þar sem börnunum var skipt í tvo hópa elstu börn deildarinnar fóru í útinám með yngstu börnum á rauðu deild. Tveir yngri hóparnir fóru síðan saman í útinám með kennurum af grænu deild. Markmiðið með útnámi barnanna á þessum dögum var að þau fengu tækifæri til upplifa nærumhverfi leikskólans og læra að njóta og virða náttúrunna. Börnin hafa unnið að sköpun með verkefnum sem lúta að undirbúning jólagjafa fyrir foreldra, Víkingakórónugerð fyrir bóndadaginn, öskudagsundirbúning þar sem þau unnu að búningagerð fyrir öskudaginn ásamt gróðursetningu fræja á vordögum í potta sem þau máluðu sjálf. Einnig hafa börnin haft aðgang að listakrök tvær vikur í mánuði þar sem þau hafa fengið aðgang að fjölbreyttum efnivið til að uppgötva og þróa sig áfram í listsköpun sinni.

Ávaxtasamverustund var rétt fyrir 10:00 þá var börnunum boðið upp á ávexti þetta gerðum við til að börnunum liði betur í útiveru. Samverustundin endaði með því að sungin voru



nokkur lög eða lesin bók. Samverustund var fyrir hádegismatinn þá fengu börnin leikefni til að leika með ásamt kennara meðan wc ferðir og bleyjuskipti stóðu yfir, í lok þessara stundar var lesið fyrir börnin, sögð saga eða farið í ýmsa leiki. Hvíldarstund var eftir hádegismatinn þar sem öll börnin sofnuðu í 30 – 120 mínútur. Það hentaði deildinni vel að vera inni fram að nónstund. Börnin gátu vaknað í rólegheitum verið í kjarna með kennara og fengið leikefni að eigin vali. Samverustund var fyrir nónstundina þá var lesið fyrir börnin eða farið í hreyfileiki. Í vetur höfum við verið mjög dugleg að fara í út eftir nónstundina. Börnin hafa þá fengið tækifæri til að njóta útiveru í lok leikskóladagsins.

Umbætur 2018-2019

Ferilmappa

Ákveðið var haustið 2019 að byrja með ferilmöppur. Þær hjálpa okkur að halda utan skráningar fyrir hvert barn. Þær auka við heimamenningu og er góður grundvöllur fyrir foreldra og barn til að ræða leikskólastarfið og þær gera starfið sýnilegra. Börnin hafa sýnt möppunum mikinn áhuga. Starfsfólk þarf að tileinka sér að gefa tíma til að skoða möppurnar með hverju barni (þarfnast umbóta) Ferilmöppurnar voru kynntar fyrir starfsfólki á haustönn 2018 og fóru rólega af stað, en á vorönn höfðu þær komist nokkuð vel af stað með skráningum í máli og myndum. Má þar nefna skráningu frá afmæli hvers barns, skráningu frá ferlinu í öskudagsundirbúningi og frá vatnsleikjum í Kjarna. Einnig gerðu börnin listaverk, teiknuðu mynd af fjölskyldu sinni og skreyttu matarvísu sem þau voru búin að fara með fyrir hádegismat í nokkurn tíma. Deildarstjóri hefur sé um að halda utan um skráningar í möppuna en starfsmenn deildarinnar hafa aðstoðað börnin við gerð listaverks, fjölskyldumyndar og þess háttar.

Heimamennning

Til að vinna betur að heimamenningu barnanna hefur deildin verið með litin bangsa(Busa) og bók sem fer í helgarheimsókn með hverju barni og hefur það gefist vel. Börnin hafa verið áhugsöm að fara með Busa heim og notið þess að sýna á mánudegi bókina þar sem foreldra hafa skrifað upplýsingar og sett myndir frá helgarheimsókninni. Þetta fyrirkomulag teljum við henta vel til að efla samstarf milli heimilis og leikskóla. Hins vegar náðum við ekki að fá fjölskyldumyndir að heiman með hverju barni haustið 2018.



Breytt dagskipulag

Á liðnum vetri vorum við ekki með hefðbundið hópastarf milli 9:00 -10:20 heldur skiptu kennarar börnunum niður á tvö til þrjú svæði. Þar sem þau höfðu val um verkefni og leikefni í frjálsum leik á deild/kjarna eða sal/listakrök. Þetta fyrirkomulag fannst okkur gefast vel fyrir börnin þau höfðu þá tíma og rými til að vinna að því sem þau tóku sér fyrir hendur hverju sinni.

Umbætur 2019-2020

Græna deildin setur aftur í umbótaáætlun skráningu á leik barna vegna þess að þar viljum við gera betur og rýna í leik barnanna og gera ein skráningu í máli og myndum frá hverju barni yfir tímabilið október 2019 til febrúar 2020. Starfsfólk deildarinnar verður hvatt til að gera skráningar á leik barna. Ákveðið var að haust 2019 mun deildin fara þess á leit við foreldra að þeir komi með fjölskyldutengdar myndir að heiman.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Skráning á leik barnanna	Að hverju er stefnt? Geta lesið út úr leik barnanna framfarir og hvað þarf að æfa betur	Hvernig framkvæmum við það? Með skráningu af leik barnanna ásamt mynd- skráningu.	Hvenær hefst og hvenær lokið? Á næsta skólaári í byrjun október 2019	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar gera skráningar af leik barnanna.	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) Samtal starfsmanna í lok nóv 2019 um skráningar- gögn sem safnast og síðan aftur í byrjun mars 2020	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Efla starfsmannateymi deildarinnar og auka ábyrgð starfsmanna á deildarstarfinu
Sjálfs hjálp barna	Allir starfsmenn deildarinnar hvetji börnin til	Börnin fá tíma og tækifæri til að þvo hendur	Í byrjun sept. 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð á að allir starfsmenn fái	Endurmeta á fyrsta deildarfundi í	Börnin eflist í því að fá sjálfstraust á eigin getu



	sjálfshjálpar í daglega starfinu	sjálf eftir wc ferðir, ganga frá matarílátum eftir matmálstíma, vera þjónar fyrir hádegismatinn		upplýsingar um þessa áætlun. hver starfsmaður einsetur sér að tileinka sér þessa áætlun.	október 2019 með því að hver starfsmaður tjáir sig um hvernig hefur gengið	
Ritmál sýnilegt á deildinni	Að gera ritmálið sýnilegt á deild barnanna. merkja hluti á deildinni. ásamt því að vekja áhuga barnanna á bókum, þulum og rími.	Merkja helstu hluti með skýrum bókstöfum t.d. Hurð, borð, stóll, gólf, gluggi. Merkja skúffur barnanna með mynd og nafni einnig að hafa mynd af hverju barni og nafn í samveruherbergi. Hafa bókstafi sýnilega á deildinni. halda áfram með matarvísu, skoða bækur og lesa fyrir börnin ásamt því að vekja áhuga þeirra á rími og hvernig hægt er að leika með orð.	20. sept.2019	Deildarstjóri ber ábyrgð en hver starfsmaður er tileinkar sér að vekja áhuga barnanna á ritmálinu.	Tekið upp á deildarfundum í byrjun okt. 2019 um hvernig hafi gengið að vekja áhuga barnanna á ritmálinu	Vekja áhuga barnanna á ritmáli, bókum. þulum og rími



Stutt greinargerð deildarstjóra Bláudeildar 2018-2019

Í haust byrjuðu átta börn í aðlögun og á deildinni voru tveir vanir kennarar.

Haustið byrjaði vel og aðlögun gekk mjög vel. Það var góð samvinna milli Bláu- og Guludeild og unnu börnin á báðum deildunum nokkur verkefni saman. Við vorum mikið með flæði milli deilda þar sem börnin gátu sjálf valið sér leikefni. Við settum upp vikuplan til að passa upp á að við tækjum öll námsviðin fyrir.

Viku fyrir jól bættist níunda barnið í hópinn og sú aðlögun gekk sérstaklega vel og aðlagast barnið hópnum strax vel. Við vonumst þó eftir að það verði engin aðlögun á næsta ári rétt fyrir jól því nóg er álagið fyrir á þessum árstíma og því betra að reyna að halda eins miklum stöðugleika og hægt er fyrir börn og starfsmenn.

Í mars byrjaði nýr starfsmaður hjá okkur á Bláudeild og hún var mjög fljót að aðlagast deildinni. Þrjú börn byrjuðu í aðlögun stuttu síðar sem gekk vel.

Með auknum fjölda barna á deildinni auk þess sem að börnin voru að eldast fannst okkur betra að skipta þeim upp í smærri hópa til að minnka árekstra og hávaða. Við gerðum einfalt skipulag með sameiginlega kjarnann þar sem Guladeild og Bláadeild skiptust á að vera með kjarnann í viku í senn. Sú deild sem var með kjarnann sá um almenn þrif á því svæði.

Umbætur síðasta skólaárs:

1. Skráning á námi barna.

Við skipuðum nefnd sem átti að bæta ferilmöppu barnanna þannig að hún myndi innihalda skráningu á námi barnanna. Nefndin setti upp viðmiðunarlista á því sem ætti að vera í ferilmöppunni til að sýna framfarir barnanna út frá ljósmyndum og listaverkum. Við vildum að skráningar í möppunni væru einfaldar í framkvæmd en þó einstaklingsmiðaðar þar sem unnið er að sýna þroska hvers barns. Okkur fannst það takast mjög vel og sáttar með bókina í lok vetrarins. Hún er litrík, fræðandi og skemmtileg að flétta í gegnum. Börnin fá að skoða sínar bækur oft og þeim finnst það mjög skemmtilegt.

Styrkleikar: Ferilmappan gerði það að verkum að starfsfólk var meðvitaðra þegar það tók myndir af börnunum. Myndirnar sýna athafnir/þroska/svipbrigði/áhuga barnanna



2. Vinna markvisst með heimamenningu allra barna.

Heimamenning barnanna tengist ferilmöppunni þar sem að foreldrar koma með skráningar að heiman. Þeir koma með myndir að heiman af fjölskyldu barnsins, segja frá sumarfríinu og öðrum merkilegum viðburðum í lífi barnsins.

Til að vinna enn frekar með heimamenningu barnanna skiptust börnin á að fara með bangsa heim til sín um helgar og foreldrar skráðu síðan í bangsabók sem fylgdi með bangsanum hvað var gert skemmtilegt með honum. Flestir foreldrarnir settu einnig myndir í bókina af barninu með bangsann. Við lásum síðan úr bókinni fyrir börnin í samverustund.

Styrkleikar: Börnin kynntust heimamenningu hvers annars þegar við lásum úr bangsabókinni í samverustund. Það er gott fyrir börnin að kynnast ólíkri menningu.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna.	Vinna með Babblarna á deildinni. Unnið í litlum hópum með Babblarna.	Sept- maí	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Deildarfundir notaðir í umræður og mat.	Að starfsfólk fái verkfæri í hendurnar til að vinna með málörvun í daglegu starfi.



Reglulegir deildarfundir	Að deildarfundir séu nýttir til að hafa meiri yfirsýn yfir börnin og starfið á deildinni.	Undirbúa vel deildarfundir. Ræða börnin á deildinni og starfsfólk ígrundar sína starfshætti.	Sept- maí	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Rætt á deildarfundir í lok haustannar og lok vorannar.	Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir börnin og sína starfshætti.

Stutt greinargerð deildarstjóra Guludeildar 2018-2019

Í vetur voru 12 börn á deildinni 6 stelpur og 6 strákar og eru öll börnin fædd 2017. Deildin endurnýjaðist öll og gekk aðlögun mjög vel. Verkefni barnanna voru miðuð út frá getu þeirra og áhuga. Flæði var með margvíslegum efnivið í boði fyrir börnin og gekk það mjög vel. Þegar flæði er þurfa allir starfsmenn að vera vel vakandi fyrir því hvað börnin vilja gera og er það meira krefjandi fyrir starfsfólk. Veturinn fór vel af stað en í desember fluttust þrjú barnanna á eldri deild og gekk sá flutningur vel. Þrjú ný börn byrjuðu í aðlögun. Desember er mjög annasamur mánuður því var þessi aðlögun svolítið meira krefjandi en aðlögunin um haustið. Það væri því gott ef væri hægt að a.t.h með að fresta aðlögun fram í jan eða flýta henni fram í nóv ef þörf er á aðlögun nær áramótum.

Á deildinni vinna 4 starfsmenn sem ná að vinna mjög vel saman. Starfsfólk deildarinnar þekkir vel til skipulags deildarinnar og allir vita hvers er ætlast af þeim sem auðveldar allt starf innan deildar mikið.

Síðasta haust tókum við inn ferilmöppur fyrir börnin og heppnaðist það verkefni vel. Allir starfsmenn eru meðvitaðir um hvernig á að nýta möppurnar og eru duglegir að fylgjast með og afla efnivið sem nýtist í skráningar fyrir börnin. Ekki gekk þó nógu vel að afla mynda að heiman með nánustu fjölskyldu og vinum (gæludýrum) og þurfum við að vera duglegri í að ganga á eftir því að fá þessar myndir þar sem þær geta hjálpað til við aðlögun. Við ætlum einnig að efla okkur í skráningu á áhugasviðum barnanna. Við ætlum að halda áfram með ferilmöppurnar og þau viðmið sem við settum síðasta haust með þær. Feril möppurnar eru mikið skoðaðar af börnunum á deildinni og foreldrum. Möppurnar eru mjög skemmtileg



viðbót við starfið þar sem þær gleðja börn, foreldra og auðvelda okkur að halda utanum verk barnanna.

Mói mús er verkefni sem tókst mjög vel. Var Mói mús sendur í mörg ævintýri heim til barnanna yfir helgi. Mói Mús er mjög skemmtileg viðbót við heimameningu barnanna. Mói mús fór heim til allra barnanna á deildinni og komu sögur og myndir frá 90% barnanna til baka. Þessar myndir og sögur verða síðan færðar í ferilmöppur barnanna. Mun Mói mús halda áfram næsta vetur að fara í helgar heimsóknir með börnunum.

Næsta vetur ætlum við að vinna með málörvun barna. Við ætlum að vinna eftir verkefni sem kallast Babblarnir (Babblarna) og er hannað til að efla hljóðkerfisvitund barna. Við byrjuðum aðeins á þessu verkefni nú á vormánuðum og verður verkefnið þróað betur næsta vetur. Hér eru hægt að afla sér frekari upplýsinga um efnið. <https://babblarna.se/>

Einnig ætlum við að prófa að hafa hópa með flæðinu 2 sinnum í viku en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvernig við útfærum hópastarfið og veltur það svolítið á barna hópnum sem mætir í haust auk þess sem við tókum ekki hópastarfið í notkun fyrr en eftir áramót. Eftir áramótin ætti að vera komin ró á barna hópinn og þar af leiðandi gott að byrja leggja inn verkefni og festa starfið í fastari skorður.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Vinna markvisst með hljóðvitund barnanna. Efla hljóð vitund barnanna.	Leggjum inn einn babblara í einu lærum hvað hann	Erum byrjuð að vinna með Babblarna	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Við ætlum að endur meta verkefnið tvisvar á ári. Í	Að börnin ná að greina muninn á milli hljóða í þessu verkefni auk þess að þau



	Að barnið nái að greina muninn á milli tveggja líkra hljóða	heitir, lit og hljóð.			janúar og að vori 2020.	séu farin að nota hljóðin..
Mótaka erlendra barna	Auðvelda aðlögun fyrir börn að erlendum upprunna. Að aðlögunin verði markvissari. ánægjulegri fyrir börn og foreldra	Stefna að því að taka ekki fleiri en 3 börn í aðlögun í einu inn á deildina. Taka öll börn af erlendum upprunna á sama tíma inn á deildina.	Hefst haustið 2019 líkur 2020	Deildarstjóri	Metið í janúar Spyrja foreldra í foreldra viðtölum hvernig þeim hafi fundist aðlögunin í fyrsta foreldraviðtali.	Að börnin fái rólega aðlögun sem eflir öryggi þeirra í nýjum aðstæðum fyrr
Ferilmappa	Unnið markvist með skráningu ábarna sem gefur okkur betri yfir sín yfir þroska þeirra. Auk þess sem mappan gefur foreldrum betri sín á hvað börnin eru að gera á leikskólanum	Við biðjum um myndirnar með foreldrahandbókinni í tölvupósti sem foreldrar fá með í upphafi skólagöngu barnsins. Auk þess sem við komum til með að biðja um myndirnar þegar barnið er byrjað. Ef það gengur ekki eftir fer miði í hólf barnanna þar sem foreldrar eru minntir á myndirnar	Verkefnið hófst í sept 2018 og er áætluð lok vorið 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð á verkefninu	Við ætlum að endur meta verkefnið tvisvar á ári. Í janúar og að vori 2020.	Stefnt er að því að fá inn myndir frá 90% heimila barnanna



Ytra mat

Haldið verður áfram að vinna með ytra mat sem SFS gerði í febrúar 2018.

Umbótapættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig fram kvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans séu metin	Skólanámskrá verði endurmetin. Bætt verði við áætlun um hvernig markið eru metin.	Deildarstjóra fundir þar sem áætlun er gerð. Kynnt á starfsdegi fyrir öllu starfsfólki.	Sept. 2019- maí 2020	Stjórnendur	Endurmat í maí 2020 Maí 2021	100%
Öll markmið skólanámskrá verði metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti	Að markmiðin verði lifandi og sýnileg í leikskólanum	Gerð verði áætlun um hvernig markmiðin eru endurmetin. Deildarstjóra fundir og	Maí 20219 maí 2020	Stjórnendur	Endurmat í maí 2020	100%



		starfsdagar notaðir				
Fyrir hvert markmið verði skilgreint viðmið um þann árangur sem stefnt er að	Að auðveldara verði að vinna að þeim markmiðum sem sett eru.	Stjórnendur vinna sameiginlega að viðmiðum við markmið.	Maí 2019 – maí 2020	Stjórnendur	Endurmat maí 2020 Maí 2021	100%



2 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Símenntun starfsfólks var ýmist í formi fyrirlestra sem komu í leikskólann og formlegrar námskeiða. Guðný Rúnarsdóttir listfræðingur kom og hélt námskeið/vinnustofu um remídur og hugmyndir af flokkun á endurunnum efnivið. Starfsmaður sem sinnir stuðningi fór á námskeið á Greiningarstöð um einhverfu og einnig námskeið um snemmtæka íhlutun. Deildarstjóri sótti regluleg námskeið SFS á vorönn í hlöðunni í Gufunesbæ ætlað deildarstjórum sem hún var mjög ánægð með. Leikskólastjóri var á hálfsmánaðar fresti á forystunámskeið á vegum Reykjavíkurborgar allan veturinn. Aðstoðarleikskólastjóri tók að sér að sinna skyldum sérkennslustjóra þar sem ekki tókst að ráða inn og fór hún á námskeið í Endurmenntun HÍ ætlað sérkennslustjórum, APES færnimiðað matskerfis námskeið og vorráðstefnu Greiningarstöðvarinnar. Við fengum fyrirlestur um einelti frá Vöndu Sigurðardóttur á sameiginlegum starfsdegi leikskólanna í Árbænum ásamt hinum leikskólunum í hverfinu. Einnig fóru allir starfsmenn á leikskólaráðstefnuna 7.febrúar á vegum Reykjavíkurborgar. Námskeið á vegum Náttúruskólans í Gufunesi voru einnig sótt til að fræðast um ákveðnar leiðir í útikennslu. Stjórnendur sóttu námskeið um persónuverndarlögin auk fyrirlestra um sama efni. Einnig fóru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri á ráðstefnu í New York um einingarkubba auk þess sem skólar voru heimsóttir. Deildarstjórar af þremur deildum sóttu kennaranámskeið í Búdapest í jákvæðri sálfræði í júní.

3 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Kennarar á báðum skólastigum hittast að hausti og fara yfir skipulagið og samþykka það. Samstarf milli leikskólans og Selásskóla hafa verið í föstum skorðum þar sem skólarnir skiptast á heimsóknum yfir veturinn. Börnin í fyrsta bekk Selásskóla sem verið hafa á Blásölum koma í heimsókn ásamt kennara til okkar og leika úti og inni að hausti. Elstu börn leikskólans fara síðan í reglulegar heimsóknir í tíma hjá fyrsta bekk og einnig í bókasafnið. Elstu börnin hafa einnig farið og leikið sér á skólalóðinni utan þessa skipulags. Einnig hafa börn úr 5. bekk komið og lesið fyrir börnin á degi íslenskra tungu 16.nóvember. Kennarar hjálpa börnunum að velja bækur fyrir leikskólaaldurinn sem þau



æfa sig í að lesa áður en þau koma. Þetta er skemmtileg hefð og höfum við það fyrir reglu að taka vel á móti þeim og bjóða þeim upp á kakó og ristað brauð í þakklætisskyni fyrir lesturinn. Sjá fylgiskjal um samstarf milli skólanna í Selásnum og Selásskóla.

Börn sem fara í Norðlingaskóla fara einnig í heimsóknir þangað en skipulagið er ekki eins milli skólanna og misjafnt er hversu mörg börn eru að fara í þann skóla frá okkur. Í vetur vorum við aðeins með fjögur elstu börn og fóru þrjú þeirra í Selásskóla og eitt fór í grunnskóla Vestmannaeyjar.

Elstu börn allra þriggja leikskólana í Selásnum og fyrsti bekkur Selásskóla eiga sameiginlegt útikennslusvæði og kallast Heimahagarnir. Verkefnið er afrakstur þróunarverkefnis skólanna sem hét Heimahagarnir og var útikennsluverkefni með áherslu á að brúa bilið milli leik-og grunnskóla. Börnin kynnast og gera verkefni saman í útikennslunni á hálfsmánaðar fresti og er samstarfið frá okkur í höndum Guðmundu deildarstjóra.

5. Foreldrasamvinna

Aðlögun: Þegar foreldrar eru búnir að staðfesta að þeir þiggi plássið fyrir barn og búnir að fá dagsetningu á upphafsdegi dvalar þá sendum við þeim upplýsingapakka í tölvupósti. Þessi upplýsingarpakki inniheldur upplýsingablað um aðlögunina, hagnýtar upplýsingar, kynningarbréf og dagskipulag. Aðlögunarvikan er síðan nýtt til að kynnast barni og foreldrum og fá upplýsingar um barnið. Foreldrar skrifa undir dvalarsamning og eyðublöð þar sem þeir gefa leyfi sitt eða ekki um myndatökur, ferðir, símaskrá og ýmislegt sem varðar leikskólann og starfsemina hér. Foreldrum er afhentur upplýsingabæklingur frá Reykjavíkurborg á sínu tungumáli. Erlendum foreldrum er boðið upp á túlk í aðlögunarviðtali og undirbúið er myndrænt skipulag.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra: boðið er upp á kynningarfund fyrir alla nýja foreldra áður en börnin byrja að hausti. Þar er farið yfir það helsta sem leikskólinn býður upp á bæði í máli og myndum. Foreldrum gefst tækifæri á að spyrja spurninga, skoða leikskólann og hitta deildarstjóra á þeirri deild sem barnið mun fara á.



Dagleg samskipti: Mikil áhersla er á að upplýsa nýja starfsmenn um mikilvægi daglegra samskipta við foreldra og hvernig best er að leysa úr algengustu málum. Deildarstjórar sjá um að ræða við foreldra um þau mál sem snúa að þroska þeirra og boða þá í viðtal eftir þörfum.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu í október og febrúar. Foreldrar fá sent heim einstaklingsnámskrá þar sem þeir geta sett inn þær áherslur sem þeir vilja helst sjá unnið með. Foreldrar og deildarstjórar ræða um þau áherslu atriði og vinna saman að framgangi þeirra. Deildarstjórar og starfsmenn eru búnir að skima barnahópinn með tilliti til allra þroskaþátta og er farið yfir stöðu barnsins í viðtalinu. Foreldraviðtölin eru ekki síður mikilvægur vettvangur til að stilla saman strengi í uppeldi barnsins þegar barn býr hjá sitthvoru foreldrinu viku og viku.

Foreldrakaffi: Foreldrum er boðið upp á foreldrakaffi 3 – 4 sinnum yfir skólaárið þar sem tækifæri gefst til að hitta aðra foreldra í rólegheitum inn á deild barnsins og skoða ferilmöppu barnsins.

Ömmu og afa kaffi: Dagur íslenskrar tungu 16.nóvember ár hvert er ömmum og öfum boðið í síðdegis kaffi og vöflur með rjóma. Stundin byrjar á stuttu spjalli þar sem farið er yfir sögu leikskólans og síðan er söngstund í salnum þar sem allir syngja saman.

Uppskeruhátíð: Í september tökum við upp úr grænmetisgarðinum og foreldrum er boðið í grænmetissúpu seinnipartinn.

Opið hús: Er í byrjun maí og þá fáum við foreldra með okkur í að skapa eitthvað með börnunum í salnum þar sem búið er að setja upp vinnusmiðju.

Foreldrafundur: Á hverju hausti er foreldrum boðið upp á foreldrafund þar sem farið er yfir starfsáætlunina og skóladagatalið einnig er foreldrafélagið með stutt yfirlit yfir síðasta starfsár og kosning nýrra félaga ef með þarf. Einnig er kosið í foreldraráð og farið yfir hlutverk þess.



4 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á skólaárinu, þrjár á haustönn og þrjár á vorönn, sjá skóladagatal.

5 Fylgigögn

5.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

5.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

5.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	9	En ekki reglulega
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	nei	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	En ekki skrifleg
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Þjónustumiðstöð/heilsugæslu
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	

Niðurstöður innra mats

Engin sérkennslustjóri var við störf veturinn 2018-2019. Aðstoðarleikskólastjóri tók að sér að sjá um sérkennslu frá febrúar 2019 og heldur því áfram næsta vetur ef ekki tekst að ráða í stöðuna. Eitt barn var með stuðning 4 tíma á dag í vetur og annað barn 7 tíma á dag eftir áramót.



Endurmat á yrta mati sem var gert á leikskólanum í febrúar 2018 af SFS.

Að einstaklingsnámskrá verði gerð fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning

Styrkleikar: Aðgerðir hafa verið samræmdar og einstaklingsnámskrá gerð fyrir þau börn sem þurfa stuðning. Einnig þau börn sem hafa fengið ráðleggingar frá sérfræðingum þjónustumiðstöðvar og börn sem kennarar hafa haft áhyggjur af vegna þroskafrávika og tekið hafa verið skimanir af. Að gerð einstaklingsnámskrár koma sérkennslustjóri, deildastjóri og foreldrar.

Starfsfólk fái upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskrár

Styrkleikar: Starfsfólk er betur í stakk búið til að vinna sem best með barnið. Reglulegir fundir hafa verið haldnir þar sem foreldrar, stuðningur, deildarstjóri, sérfræðingur frá þjónustumiðstöð og sérkennslustjóri hafa rætt saman og samræmt aðferðir og aðgerðir. Deildarfundir hafa verið notaðir til að samræma og upplýsa, fundinn sitja sérkennslustjóri, stuðningur, deildarstjóri og starfsfólk deilda.

Starfsfólk fái upplýsingar og stuðning til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúræðum barna á leikskólanum

Styrkleikar: Starfsfólk og sérkennslustjóri fá tækifæri til þess að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína. Stuðningur og sérkennslustjóri hafa sótt námskeið í vetur.

Að mati, úrræðum og verkefnum sé fylgt eftir með skipulögðum hætti og leikskólinn nýti markvisst ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð

Styrkleikar: Fundir með sérfræðiþjónustu eru eftir þörfum. Deildarfundir hafa verið reglulega í vetur, með sérkennslustjóra þar sem upplýsingum er komið áleiðis til alls starfsfólks og fylgt eftir hvort öllu sé fylgt

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu



Áætlun um málörvun						vel tókst að ná markmiði.
	Útbúa áætlun um málörvun fyrir fyrir öll börn, skipt eftir aldurstigum og getu barnanna. Með áætlun fylgir gátlisti. Sett inn í læsisáætlun leikskólans	Nefnd sett á laggirnar með deildarstjóra og sérkennslu stjóra aðstoðarleik skólastjóra og, útbýr áætlun, farið yfir á deildarstjóra fundi og kynnt á starfsdegi fyrir allt starfsfólk	Júní 2019- júní 2020	Sérkennslustjóri	Mat á deildarfundum, starfsdegi 2020	Að allir starfsmenn séu upplýstir. Að gátlisti sé útfylltur. Farið yfir styrkleika og umbætur.
Málörvun barna	Að öll börn sem þurfa fá reglulega málörvun	Að ráða sérkennslu stjóra eða hafa staðgengil hans frá byrjun skólaárs til þess að meta þörf, skipuleggja og fylgja eftir málörvun í leikskólanum	Ágúst 2019	Leikskólastjóri	Mat á deildarstjóra fundum og starfsdegi vor 2020	90% árangur
Áætlun um snemmtæka íhlutun	Að öll börn sem þurfa fá fá bestu þjónustu sem völ er á.	Útbúa skriflega áætlun um snemmtæka íhlutun. Sérkennslustjóri fari á EFL-2 málþroska skimunar námskeið.	Ágúst 2019- maí 2020	Sérkennslustjóri	Mat á deildarsjóraf undum og starfsdegi 2020	100%



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	nei	Ekki skriflegt
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	nei	Ekki skriflegt
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	nei	Ekki skriflegt
Er fylgst með framförum barnanna?	nei	Ekki markvisst
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	nei	

Niðurstöður innra mats

Áætlun vegna barna með annað móðurmál er búið að setja í áætlun vegna læsis í menntastefnu SFS.

Byrjað verður að vinna samkvæmt þeirri áætlun í haust.



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	Búa til áætlun fyrir móttöku, aðlögun og vinnu með tvítyngd börn	Skipað í nefnd sem vinnur áætlunina. Lagt fyrir á deildarstjóra fundi og síðan kynnt fyrir öllu starfsfólki á starfsdegi.	Júní 2019- ágúst.2019	sérkennslustjóri	Endurmat á deildarfundu m og starfsdegi 2020	Ánægja foreldra, barna og starfsmanna



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðfinna Ásta Birgisdóttir

Kristrún Gústafsdóttir

Þórhildur Þórarinsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Umsögn foreldraráðs við starfsáætlun Blásala 2019-2020

Foreldraráð Blásala hefur fengið starfsáætlun Blásala til yfirlestrar og umsagnar. Eftirfarandi er umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Blásala gerir engar efnislegar athugasemdir við starfsáætlun og þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér. Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með stefnu og störf leikskólans, metnaðarfullt útinám og einstök verkefni líkt og undirbúning fyrir öskudag, bangsabækur og áherslu á umhverfið og græn gildi. Einnig eru markmið deildanna og tillögur þeirra að úrbótum verðug. Þá eru ferilmöppur metnaðarfull nýjung sem eykur við heimamenningu og nýtist til að meta nám og líðan barnanna, auk þess sem verkefnið Babblarnir er spennandi leið til að efla hljóðkerfisvitund barnanna.

Foreldraráð ítrekar nauðsyn þess að ráðinn verði sérkennslustjóri til að koma til móts við börn með sérþarfir. Einnig er mikilvægt að allar upplýsingar í starfinu séu á fleiri tungumálum svo tryggt sé að foreldrar með önnur móðurmál hafi tök á að fylgjast með. Foreldraráð samþykkir að sameiginlegur starfsdagur sem í leikskóladagatali var áætlaður 24. apríl 2020 sé færður til 28. maí 2020.

Þórhildur Þórarinsdóttir
Þórhildur Þórarinsdóttir

Kristrún Gústafsdóttir
Kristrún Gústafsdóttir

Guðfinna Ásta Birgisdóttir
Guðfinna Ásta Birgisdóttir